

Klausturbleikja
Klausturvegi 5
880 Kirkjubæjarklaustur

Egilsstaðir, 25.8.2023
UST202301-261/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 4. júlí - Klausturbleikja, Teygingalæk

Þann 4. júlí sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Klausturbleikju, Teygingalæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Huga þarf að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs í að- og frárennsli til að unnt sé að meta losun frá stöðinni með nákvæmari hætti

Sjö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.13 í starfsleyfi. Hættuleg efni, t.d. formalín, voru geymd án viðeigandi lekavarna á gólfi í húsnæði rekstraraðila.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili framleiddi 94 tonn af bleikju árið 2022 sem er umfram heimild í starfsleyfi.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2021.
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2022.
5. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Frárennismælingar og mælingar í viðtaka voru ekki gerðar á tilskildum tíma árið 2023.
Niðurstöður mælinga bárust Umhverfisstofnun þann 27. apríl sl. og er frávikinu því lokað.
6. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Árið 2023 var styrkur svifagna í frárennsli og viðtaka ekki mældur.
7. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs árið 2022 var 10,6 kg/framleitt tonn, en hún má ekki vera yfir 7 kg/framleitt tonn.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. september 2023.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur